

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum, og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Akraneskaupstað.
2. Neskaupstað.
3. Egilsstaðakaupún.
4. Eskifjarðarhrepp.
5. Fellahrepp.
6. Grimseyjarhrepp.
7. Kjalarneshrepp.
8. Laugardalshrepp.
9. Ólafsvíkurhrepp.
10. Patrekshrepp.
11. Rangárvallahrepp.
12. Stykkishólmshrepp.
13. Vatnsleysustrandarhrepp.
14. Víkurkaupún.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að byggingasamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur, sem birt er með auglýsingu nr. 23 14. febrúar 1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um skipulag í Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Hvalfjarðarstrandarhrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.